

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Sjálfseignarstofnunina Móðir og barn, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 7. desember 1987. Skipulagsskráin er þannig:

## STOFNSKRÁ

### sjálfseignarstofnunarinnar Móðir og barn.

#### 1. gr.

Sjálfseignarstofnunin heitir Móðir og barn. Lögheimili hennar og varnarþing er í Reykjavík. Stofnaðilar eru undirritaðir sex einstaklingar, sem eiga sæti í stjórn stofnunarinnar.

#### 2. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að standa fyrir ráðgjöf og félagslegri aðstoð við mæður eða foreldra og börn, sem þurfa á hjálp að halda. Með mæðrum er hér átt við þungaðar konur jafnt sem mæður fæddra barna.

#### 3. gr.

Starf stofnunarinnar grundvallast á því viðhorfi, að mannslífið sé friðheilagt frá getnaði og að veita beri því vernd og aðhlynningu á sérhverju stigi þess, fyrst og fremst innan vébanda fjölskyldunnar, en einnig með samfélagslegri hjálp, eftir því sem nauðsyn krefur.

#### 4. gr.

Í öllu starfi stofnunarinnar skal ávallt miðað við, að sú aðstoð njóti forgangs, þar sem mest er í húfi í mannlegum verðmætum og bæta má úr brýnustu neyðinni.

#### 5. gr.

Einstæðar mæður (einkum mæður ungbarna og þungaðar konur) skulu fyrst og fremst hafðar í huga, þegar áætlun er gerð um verkefni stofnunarinnar, sérstaklega hvað varðar stofnun og starfrækslu heimilis. Einnig skal þó stefnt að því, að stofnunin geti útvegað húsnæði fyrir foreldra eða einstæða fedur og börn þeirra.

#### 6. gr.

Gengið er út frá því, að öll aðstoð stofnunarinnar miðist við að gera mæður eða foreldri sjálfbjarga og því fær um að sjá sjálfum sér og börnum sínum farborða af eigin rammleik.

#### 7. gr.

Verkefnasvið stofnunarinnar skal í höfuðatriðum vera tvíþætt. Annars vegar sé um ráðgjöf að ræða fyrir mæður eða foreldra, sem búa við ótryggar aðstæður, hvað varðar afkomu, húsnæði eða möguleikann á að fæða eða annast um barn sitt. Skal sú ráðgjöf miðast við (a) að leiða í ljós, hverjar séu rætur vandans og hvernig best megi leysa úr honum, (b) að vera móðurinni eða foreldrunum til andlegs stuðnings, (c) að miðla upplýsingum um þá aðstoð, sem stendur til boða frá ríki, sveitarfélögum eða sjálfstæðum stofnunum og félagasamtökum. Hins vegar er svo um beina félagslega aðstoð að ræða, hvað snertir útvegum húsnæðis, rekstur heimilis fyrir mæður eða foreldra og börn þeirra, þungunarpróf

og ýmsa aðra félagslega aðstoð, eftir efnum og aðstæðum stofnunarinnar. Þar kemur t.d. til greina hjálp við barnagæslu (eða meðalganga um slíka hjálp), útvegum ýmissa nauðsynja, er tengjast heimilishaldi barnafólks, og aðstoð við umsóknir eða málaleitan hjá öðrum stofnunum fyrir þá skjólstæðinga, sem þurfa þess með.

8. gr.

Aðrir verkefnabættir stofnunarinnar (s.s. fjármögnun með söfnunum, hugsanlegur rekstur skrifstofu og upplýsingamiðlun um tilgang og starfssvið stofnunarinnar) skulu alfarið þjóna þeim tveimur verkefnabáttum, sem raktir voru í 7. gr.

9. gr.

Stofnunin skal jafnan hafa þá stefnu að leitast við að eiga sitt eigið húsnaði til að anna umtalsverðum hluta eftirspurnar frá skjólstæðingum á hverjum tíma. Þó skal einnig leitast við að útvega leiguhúsnaði með hagkvæmum kjörum til að koma til móts við þá húsnaðisþörf, sem eigi verður betur uppfyllt á hverjum tíma. Við val á öllu húsnaði fyrir skjólstæðinga skal við það miðað, að það henti sem best fyrir barnafólk.

10. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal ráða einstakling til að annast daglegan rekstur heimilisins og annað starfsfólk eftir því sem þörf krefur og fjárhagur leyfir. Jafnframt áskilur stofnunin sér rétt til að leita sérfræðiaðstoðar (s.s. lækni eða lögfræðings), ef hennar gerist þörf.

11. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal taka saman ýtarlegar starfsreglur, er kveði á um búsetuskilyrði, leigutíma, aðrar húsreglur á heimili stofnunarinnar og réttindi og skyldur leigjenda jafnt sem stofnunarinnar sjálfrar gagnvart þeim.

12. gr.

Stjórn stofnunarinnar skipa sex menn: formaður, ritari, gjaldkeri og þrír meðstjórnendur. Falli einhver stjórnarmaður frá eða segi sig úr stjórninni, tilnefnir stjórnarfundur annan í hans stað. Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða. Falli atkvæði jafnt, skal leitað nýs samkomulags. Takist það ekki, má leggja tillöguna óbreytta fyrir næsta stjórnarfund; falli atkvæði þá jafnt á ný, skal atkvæði formanns vega tvöfalt.

13. gr.

Aðalfund skal halda í apríl eða maí ár hvert. Til hans skal boðað skriflega með einnar viku fyrirvara. Á aðalfundi skal taka til meðferðar eftirfarandi mál:

1. Formaður stjórnar gefur skýrslu um starfsemi stofnunarinnar á liðnu starfsári.
2. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga stofnunarinnar.
3. Kosning stjórnarmanns eða stjórnarmanna, ef um það er að ræða, skv. 12. gr.
4. Kosning endurskoðanda, sbr. 18. gr.
5. Önnur mál.

Heimilt er stjórninni að kveðja til yfirumsjónarmenn með starfsemi, framkvæmdum og fjáröflun stofnunarinnar sem áheyrnarfulltrúa á aðalfundi.

14. gr.

Til annarra stjórnarfunda skal boða eigi sjaldnar en þrisvar á ári og að jafnaði á hverjum ársfjórðungi.

## 15. gr.

Stjórn stofnunarinnar fer með öll fjármál hennar og annast allar framkvæmdir. Í brýnni nauðsyn getur stjórnin ráðið sérstakan fjármálastjóra eða framkvæmdastjóra til að annast viðamikla söfnunarherferð eða framkvæmdir á vegum stofnunarinnar. Einnig er stjórninni heimilt að mynda starfsnefndir um ákveðin verkefni með tilnefningu manna úr stjórn og utan hennar (t.d. heimilisnefnd með fulltrúum skjólstæðinga og starfsmanna).

## 16. gr.

Undirritaðir stofnaðilar og þeir gefendur hafa lagt fram stofnfé stofnunarinnar, samtals 20 000 krónur. Stofnskrá þessi felur ekki í sér neinar skuldbindingar þessara einstaklinga varðandi framlög til eða vegna stofnunarinnar umfram nefnda fjárhæð.

Tekjustofnar eru að öðru leyti það fé, sem stofnuninni kann að aflast með gjöfum eða framlögum frá einstaklingum, fyrirtækum, félögum, opinberum aðilum eða sjálfstæðum stofnunum; þar að auki hugsanlegar eignatekjur og arður af sparifé.

## 17. gr.

Fé það, sem stofnunin eignast, skal jafnóðum ávaxtað í bönkum, sparisjóðum eða ríkistryggðum skuldabréfum á nafni stofnunarinnar, nema þess sé þörf til reksturs eða framkvæmda. Verði einhver dráttur á framkvæmdum, skal verðtryggja sjóði stofnunarinnar, eftir því sem unnt er.

## 18. gr.

Stjórnin skal árlega láta gera reikning yfir rekstur og efnahag stofnunarinnar. Skal reikningurinn endurskoðaður af tveimur mönnum, öðrum tilnefndum af ríkisendurskoðun og hinum af stjórninni, og skal hann vera löggiltur endurskoðandi. Úrdráttur úr reikningunum skal sendur dómsmálaráðuneyti, félagsmálaráði Reykjavíkur og öðrum aðilum, sem stofnunin kann að hafa samstarf við, skv. ákvörðun stjórnar.

## 19. gr.

Komi að því, að stjórnin sjái sér ekki fært að reka stofnunina áfram, getur hún tekið um það ákvörðun, með minnst fimm samhljóða atkvæðum, að leggja stofnunina niður. Hreinar eignir hennar skulu þá renna til viðurkenndrar líknarstofnunar, sem annast sambærilega hjálparstarfsemi fyrir bágstaddar mæður og börn þeirra; einnig er heimilt, að eignir stofnunarinnar skiptist á milli fleiri en einnar slíkrar stofnunar, og fer það eftir ákvörðun meirihluta stjórnar.

## 20. gr.

Stofnskrá þessari getur stjórn stofnunarinnar ekki breytt nema með atkvæðum a.m.k. fjögurra stjórnarmanna á aðalfundi, en þó því aðeins, að dómsmálaráðuneytið staðfesti breytinguna.

*Reykjavík, 1. desember 1987.*

Jón Valur Jensson, Sólvallagötu 32A,  
Elínborg Lárusdóttir, Sólvallagötu 32A,  
Helgi Sig. Guðmundsson, Dísarási 14,  
Ragnhildur Pála Ófeisdóttir, Sólvallagötu 51,  
Þórsteinn Ragnarsson, Rafstöðvarvegi 3, og  
Kristinn Ágúst Friðfinnsson, Tómasarhaga 39, öll í Reykjavík.